

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um skoðun kvikmynda hjá Kvikmynda-
eftirliti ríkisins nr. 614/1989.**

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Fyrir skoðun kvikmynda í kvikmyndahúsi eftir 7. mgr. 58. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 skal sá er skoðunar beiðist greiða gjald til hvers skoðunarmanns er miðast við 3,0 klst. í yfirvinnu í launaflokki sem menntamálaráðuneytið ákveður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. janúar 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.